



**Mýrdalshreppur**

**Fundur með  
Fjárlaganefnd alþingis  
miðvikudaginn 7. október 2015**

**Sjóvörnin við Vík**

**Samgöngumál**

Uppbygging á ferðamannastöðum

Vegagerð og vegir að ferðamannastöðum

**Hjallatún**

**Hamfaraflóð í tengslum við Kötlugos og áhrif þess í Vík**

**Sveitarstjórn Mýrdalshrepps**

Elín Einarsdóttir

oddviti

Ásgeir Magnússon

sveitarstjóri

**Fjárlaganefnd**

Vigdís Hauksdóttir

Guðlaugur Þór Þórðarson

Oddný G. Harðardóttir

Ásmundur Einar Daðason

Bjarkey Gunnarsdóttir

Brynhildur Pétursdóttir

Haraldur Benediktsson

Páll Jóhann Pálsson

Valgerður Gunnarsdóttir

Ásta Guðrún Helgadóttir

Ágæta fjárlaganefnd.

Hér með fylgir listi yfir þau atriði sem við viljum ræða við ykkur á þessum fundi.

## Sjónvörnin í Vík

Sem byggð var 2011 hefur sannað gildi sitt. Síðastliðna vetur hefur reynt verulega á garðinn og hefur hann látið verulega á sjá, en þó verið ströndina sunnan þorpsins og það er samdóma álit þeirra sem best til þekkja að án hans hefðum við tapað verulegu landi. Áform Vegagerðarinnar eru að ráðast í byggingu annars garðs austar á sandinum sem þá mun verja iðnaðarhverfið. Sá garður var á áætlun á næsta ári en hefur nú verið færður aftur. Í tengslum við byggingu á nýjum varnargarði er ætlunin að fara í endurbyggingu á núverandi garði. Brýn nauðsyn er að strax á næsta ári fáist fjármagn til þessara framkvæmda.



Þessar myndir sem hér fylgja með sýna það sem eftir er af hausnum á garðinum, fyrri myndin og síðan annað af stóru skörðunum

Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir þá er þessi nauðsynlega vörn fyrir samfélagið hérna í Vík óhemjudýr fyrir okkar fámenna byggðarlag. Hvers vegna er ekki hægt að koma því í gegn um þingið að sömu reglur gildi um allar varnir gegn náttúruvá hvort sem um er að ræða snjóflóð eða ágang sjávar.

**Tryggja verður fjármagn til undirbúninga strax á næsta ári og lágmarkið er að varðandi fjárframlög til slíkra verkefna gildi það sama og um snjóflóðavarnir.**

## Samgöngumál – Í Mýrdalinn koma 500 þúsund ferðamenn árlega.

**Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar.** Síðastliðinn vetur fékkst það í gegn að vetrarþjónusta Vegagerðarinnar á allri leiðinni frá Hvolsvelli til Víkur væri í þjónustuflokki 2, en skv. reglum Vegagerðarinnar eiga allir vegir með umferðarpunga yfir 500 bíla á sólarhring að vera í þjónustuflokki 2. Um ferðin um Reynisfjall hefur aukist gríðarlega undarfarin ár og er nú talsvert yfir þessum mörkum. Á fundi með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar á Suðurlandi í síðustu viku var upplýst að vegna niðurskurðar á fjármunum til vetrarþjónustu yrði að öllum líkindum dregið úr þjónustu.

**Tryggja verður að almennilega verði staðið að vetrarþjónustu Vegagerðarinnar. Nauðsynlegt er að horfa til þess að stór hluti aukningarinnar í ferðaþjónustunni á Suðurlandi er yfir vetrarmánuðina.**

**Uppbygging á ferðamannastöðum.** Lagt er til að reglur um úthlutun fjár úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða verði endurskoðaðar, þannig að einnig verði hægt að ráðast í varanlega uppbyggingu í fámennum sveitarfélögum sem ekki hafa fjármagn til að leggja helming á móti sjóðnum í nauðsynlegar kostnaðarsamar framkvæmdir sem skipta miklu fyrir alla ferðaþjónustu landsins.

Verkefnin eru fjölmörg, koma þarf upp salernisaðstöðu á mörgum fjölsóttum ferðamannastöðum, bæta merkingar, göngustíga og aðgengi.

**Það verður að vera heimilt að úthluta fjármagni úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til brýnna verkefna með minna eða jafnvel engu mótframlagi þar sem þörfin er brýnust, þó heimamenn í fámennum sveitarfélögum geti ekki lagt sömu upphæð á móti.**

**Vegagerð og vegir að ferðamannastöðum.** Vegurinn út í Dyrhólaey var lagfærður í fyrrasumar og þó hann sé ekki tvíbreiður er veruleg bót að þeirri lagfæringu sem gerð var. Koma þarf veginum upp á Háey strax í svipað horf og ganga þar frá varanlegu bílastæði. Þá er einnig mjög brýnt að breikka veginn niður í Reynisfjöru, en þessa vegi að okkar fjölsóttustu ferðamannastöðum í Mýrdalnum þarf að bæta strax.

**Leggja þarf fjármagn í að lagfæra þessa vegi til að þeir geti þjónað því aukna álagi sem um þá fer.**

**Sveitarstjórn Mýrdalshrepps leggur áherslu á að nýr vegur um láglandið til Víkur sem samþykktur hefur verið í aðalskipulagi sveitarfélagsins, komist inn á þá samgönguáætlun sem nú er í undirbúningi og verður lokið við nú á haustmánuðum.**

## Hjallatún

Ekkert miðar enn í því að bætt verði rekstrarumhverfi lítilla dvalar- og hjúkrunarheimila eins og Hjallatúns, en krafa um úrbætur hefur verið á okkar lista yfir verkefni sem við ræðum við ykkur og fjárlaganefnd á hverju ári. Hjallatún skiptir okkur miklu máli bæði sem þjónusta við okkar eldri borgara og eins sem traustur vinnustaður fjölda fólks. Kostnaðurinn við reksturinn, sem þó hefur verið vandlega yfirfarinn og hagrætt eins og kostur er, er langt umfram það fjármagn sem ríkið leggur til rekstrarins og því verður sveitarfélagið að greiða með rekstrinum stórfé á hverju ári. Hallinn á rekstri heimilisins á hverju ári hefur verið frá 8 og upp í 14 milljónir.

Daggjöldin sem ætlast er til að reka heimilin fyrir miðast við heimili sem eru langt um stærri en Hjallatún. Hækka þarf daggjöld til þessara minnstu heimila um 12 – 15% til að mögulegt sé að reka þau á þessum daggjöldum.


**Ríkisvaldið verður að horfa til þessa þáttar í heilbrigðismálanna, hækka dvalargjöldin til minnstu heimilanna um 12 – 15% strax.**

## Húsnæði Hjallatúns.

Húsnæði Hjallatúns er barn síns tíma og nær því ekki að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar starfsemi í dag. Nánast allt þjónusturými vantar og herbergin heimilisfólks eru svo lítil að við höfum verið að fjarlægja úr þeim salernisaðstöðuna til að rýmka þau aðeins svo starfsfólki sé gerlegt að nýta nauðsynleg hjálpartæki við hjúkrun á heimilinu.

## Hamfarafloð í tengslum við Kötlugos og áhrif þess í Vík

Lengi hafa menn haft áhyggjur af stöðu þorpsins í Vík í hamfarafloði í tengslum við Kötlugos, en því miður ekki fyrr en nú haft gögn til að styðjast við í þeim efnum. Í tengslum við byggingu nýrrar brúar yfir Múlakvísl ákvað Vegagerðin að láta framkvæma svokallaða hermun á flóðum sem fylgja munu Kötlugosi til að meta áhrif þeirra á samgöngumannvirki. Í tengslum við þá vinnu samþykkti Vegagerðin að kosta einnig frekari vinnu við slíkt líkan sem þá tæki til áhrifa slíkra flóða á byggðina í Vík. Eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd er veruleg hættu á að slíkt flóð færi alla leið vestur til Víkur. Sem betur fer virðist samt að vatnsdýpt í Vík yrði ekki meiri en 1 – 1,5 metrar og eins virðist ljóst straumhraði vatnsins yrði lítil fyrst og fremst leðjudrulla. Ljóst er að hægt verður að koma í veg fyrir að flóð nái að byggðinni með tiltölulega lágum varnargarði sem þá yrði staðsettur í námunda við svonefnda Uxafótarlæk. Viðræður milli sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, Innanríkisráðuneytisins, Vegagerðar og Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra um þessa stöðum, munu fara af stað nú í haust og því er nauðsynlegt að fjármagn fái til undirbúnings varnarmannvirkja þegar á næsta ári.



Ásgeir Magnússon  
sveitarstjóri